

Nd.

150. Nefndarálit

[61. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í stjórnarfrumvarpi þessu er lagt til, að breyting verði gerð á 8. gr. laganna um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Í þeirri lagagrein segir, að álagning einkasölunnar á tóbak megi nema frá 10 til 350%, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagningin á að miðast við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli.

Þessi ákvæði um álagningu tóbakseinkasölunnar hafa verið í gildi síðan árið 1949.

Nú vill ríkisstjórnin samkvæmt þessu frumvarpi fá numin úr lögum ákvæðin um hámark álagningar, en fá ákvörðunarrétt um það mál algerlega í sínar hendur.

Vegna þeirrar gengisbreytingar, sem nýlega var lögfest, hækkar innkaupsverð á tóbaki í íslenskum peningum. Talið er, að það magn af þessari vöru, sem keypt var til landsins 1959, muni hækka í innkaupi við gengisbreytinguna um a. m. k. 13 millj. króna. Við þá upphæð bætist 10% verðtollur, svo að hækkun þeirrar upphæðar, sem álagningin miðast við, nemur 14—15 millj. kr. Og þegar á það er litið, að samkvæmt núgildandi lögum má álagningin nema allt að 350 af hundraði, liggur í augum uppi, að vegna gengisbreytingarinnar getur stjórnin aukið álagningu tóbakseinkasölunnar um tugi milljóna króna, án þess að nokkur lagabreyting verði gerð.

Í umræðum um málið í fjárhagsnefndinni var því ekki mótmælt af meiri hl. nefndarinnar, að ríkisstjórnin gæti án lagabreytinga aflað þeirra viðbótartekna af tóbakseinkasölnni, sem hún hefur í hyggju að ná. Til þess að ná því marki er engin þörf fyrir ný lagaákvæði að þessu sinni. Ríkisstjórnin flytur því þetta frv. af einhverri annarri ástæðu en þeirri, að hún þurfi að afla sér nýrrar heimildar til þess að auka tekjur ríkisins af tóbakseinkasölnni.

Ef Alþingi samþykkir þetta frv., afsalar það frá sér til ríkisstjórnarinnar ákvörðunarrétti um þá skattheimtu, sem fram fer á vegum Tóbakseinkasölu ríkisins. Við teljum, að Alþingi eigi hér eftir sem hingað til að ákveða þessar álögur eins og aðra skatta og tolla til ríkisins, og leggjum því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 3. marz 1960.

Skúli Guðmundsson, Einar Olgeirsson.
frsm.